

**Ed.**

**93. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Mosfellshreppur skulu vera eitt læknishjerað, sem nefnist Kjalarnesshjerað, með læknisaðsetri á Kjalarnesi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hjeraðsbúa í þessum sveitum og fyrir eindregnar og marg-ítrekaðar bænir þeirra til Alþingis um að láta ekki lengur dragast að bæta úr læknisþörf þeirra. Að öðru leyti eru ástæður þessa máls hinu háa Alþingi kunnar. Að eins skal enn minst á það, sem áður hefir verið bent á í flutningi málsins á þingi, að eftir læknaskipunarlögum 13. okt. 1899 höfðu þessar sveitir sjerstakan lækni, en voru sviftar honum með lögum 16. nóv. 1907, og hafa sjerstaklega Kjósarmenn og Kjalnesingar frá upphafi mótmælt þeirri meðferð. Nú er þeim ætlað að vitja lækni til Hafnarfjarðar, sem má heita sama sem að þeir hafi engan lækni. Til mála kemur varla annað en að leita lækna frá Reykjavík, þó að einnig sje það erfitt og kostnaðarsamt, en þar er enginn læknir skyldur til að sinna þeim, og þá ekki bundinn við taxa, sem búast má við, að geri læknisvitjunina enn dýrari. Til samanburðar skal tekið fram, að íbúatala í þessum sveitum var eftir manntalinu 1910 947 manns, og er það hærri íbúatala en þá var í 11 læknishjeruðum landsins.